

Ed.

§25. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands (á þingskj. 601).

Frumvarp þetta er komið frá háttv. neðri deild, og var borið þar fram af þingmanna hálfu. Verði frumvarpið að lögum, gerir það þá breytingu á lögum nr. 58, 22. nóvember 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands, að fjelaginu verður eigi skylt að endurbyggja í öðrum brunabótafjelögum hinar hærri váttryggingar.

Nefndinni er ljóst, að hjer er um mjög þýðingarmikið nauðsynjamál að ræða, og mun mega fullyrða, að því nær allir landsmenn sjeu sammála um, að það sje mjög illa tarið, að nýnefnd lög um stofnun brunabótafjelags Íslands hafa eigi komist til framkvæmda, enda eru váttryggingargjöld af húseignum og lausafje utan Reykjavíkur svo há, að vart má við una.

Auk þess vaxa mönnum mjög í augum þær stóru fjárupphæðir, sem árlega ganga til útlendra brunabótafjelaga. Fara þær upphæðir vaxandi hröðum skrefum, þar eð húseignir utan Reykjavíkur hækka mjög mikið í verði með ári hverju, sumpart af því að húseignum fjölgar mjög í kaupstöðum og kaupstúnum landsins, en sumpart, og það mäske enn þá fremur af því, að menn byggja nú, eftir því sem velmegun vex í landinu og kröfur manna til bættra hibýla aukast, vandaðri og dýrari hús.

Að lögin frá 1907 hafa enn þá eigi komist til framkvæmda kemur af því, að endurváttrygging hefir ekki fengist í útlendum brunabótafjelögum, eins og fyrirskipað er í 6. gr. laganna. Virðist nú vera að eins um tvent að velja: að breyta þessu ákvæði laganna, eða að sætta sig við það ástand, sem nú er. En eins og vikið er að hjer að framan, verða ókostir þess tilfinnanlegri og almenningi ógeðfeldari með hverju ári sem líður.

Nefndinni er að visu ljóst, að það er nokkur áhætta fyrir landssjóð, að ábyrgjast hið væntanlega fjelag, þótt ábyrgðin sje takmörkuð við 800 þús. kr. eins og gert er í frumvarpi þessu, ef eigi fæst endurábyrgð á hinum hærri vátryggingum. En hins vegar er á það að lita, hve afarmikil nauðsyn er á því að koma fjelaginu á laggirnar, því að vorri hyggju hlýtur það að verða byrjun til þess, að gera alla vátryggingarstarfsemi landsins innlenda, og er öllum ljóst, hve þýðingarmikið það er.

Þá er nefndin samdóma meiri hluta neðri deildar nefndarinnar um, að brunahættan fari mjög minkandi hjer á landi. Húsin eru betur byggð, oft járnvarin, meira bygt úr steinsteypu, eldfæri öll og ljóstæki tryggari og betri, og aðstaða til að slökkva eld er víða í kaupstöðum og kauptúnum miklu betri, en áður hefir verið. Loks veita lög nr. 85, 22. nóv. 1907, mikla tryggingu fyrir því að eftirlitið verði betra, og þá jafnframt von um að brunar verði fátíðari.

Af þessum ástæðum vill nefndin ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þeim einum breytingum, að hámark einstakra lausafjár vátrygginga verði sett 6000 kr. í stað 2000 kr.. og að samanlögð upphæð lausafjár vátrygginga megi nema $\frac{1}{4}$ af öllum vátryggingum fjelagsins. Virðist oss að lægra megi það ekki vera, ef lausafjár vátryggingarnar eiga að verða annað en nafnið tómt.

Eru breytingartillögurnar þannig:

1. Við 1. gr.

Fyrir » $\frac{1}{5}$ « komi:
 $\frac{1}{3}$.

2. Við 1. gr.

Fyrir »2 þúsund« komi:
6 þúsund.

Alþingi 8. sept. 1915.

Jón Þorkelsson,
formaður.

Steingrímur Jónsson,
skrifari og framsögumaður.

Karl Einarsson.